



## -FRÉTTATILKYNNING-

### **GEFUM ÍSLANDI VON! - ICESAVE UPPLÝSINGAR UPP Á BORÐIÐ NÚNA! ERU STJÓRVÖLD ENN OG AFTUR AÐ GERA MISTÖK?**

Í dag er dagur vonarglætu þegar bresk stjórvöld léttu hryðjuverkalögunum af Íslandi. InDefence-hópurinn hefur barist gegn notkun þessara laga og því að með þeim séu hagsmunir Íslands fótum troðnir. Hópurinn hefur beitt sér bæði innanlands og utan í þeim tilgangi að efla og bæta samningsstöðu Íslands svo sanngjörn niðurstaða megi fást í deilu Íslendinga við bresk og hollensk stjórvöld um ICESAVE reikninga. InDefence-hópurinn hefur verulegar áhyggjur af því að leynd yfir samkomulagi um ICESAVE feli í sér að íslensk stjórvöld séu enn á ný að gera afdrifarík mistök.

InDefence-hópurinn boðaði síðast til blaðamannafundar til að vekja athygli á mikilvægi þess að stjórvöld gripu til aðgerða fyrir 7. janúar sl. Það var ekki gert og að undanföru hafa núverandi stjórvöld vísað mjög til þess að Icesave málið hafi tapast þar með. Að mati hópsins stendur þjóðin nú frammi fyrir enn meiri ögurstundu í málínu en í upphafi janúar.

#### **Samkomulagið upp á borðið**

InDefence-hópurinn krefst þess að stjórvöld gefi íslenskum almenningi von í ICESAVE málínu. Hópurinn krefst þess að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar fái aðgang að ICESAVE samkomulaginu, þannig að Alþingismenn hafi forsendur til að meta frumvarp til ríkisábyrgðar á rúmlega 700 milljarða ábyrgð vegna samkomulagsins við bresk og hollensk stjórvöld.

Málið er eitt það mikilvægasta sem Alþingi Íslendinga hefur þurft að taka ákvörðun um frá lýðveldisstofnun. Skuldbindingin er af þeiri stærðargráðu að hún snertir ekki bara afkomu núlifandi Íslendinga heldur einnig lífskjör komandi kynslóða. Það mikilvægasta sem kjósendur geta krafist af fulltrúum sínum á Alþingi er að þeir taki ákvarðanir um svo mikilvæg mál á ábyrgan og upplýstan hátt. Það getur ekki gerst nema þingmenn fái skilyrðislaust í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar um málið. Lágmarkskrafa er að þeir fái að sjá þann samning sem að baki ábyrgðinni liggr.

#### **Nýja Ísland - gagnsæi í stjórnámum**

Búsaðabýtingin krafðist gagnsæis í stjórnarathöfnum og að upplýsingar væru upp á borðinu. Núverandi stjórnarflokkar héldu þessu markmiði einnig á lofti fyrir kosningar. Það hlýtur því að vera kjósendum og þingmönnum alvarlegt umhugsunarefni ef ríkisstjórn Íslands heldur mikilvægum upplýsingum um ICESAVE samkomulagið áfram leyndum fyrir Alþingismönnum sem er ætlað að taka lokaákvörðun um málið. Veruleg ástæða er til að spryra hvaða ástæður liggja að baki slíkri leynd?

#### **InDefence krefst þess að Alþingmenn fái tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun.**

Það er skylda ríkisstjórnar Íslands og íslensku samninganefndarinnar að sjá til þess að Alþingismenn fái í hendur öll gögn sem þeir telja nauðsynleg til að meta áhrif samningsins á þjóðina á komandi árum. Meðal þeirra gagna sem Alþingismenn verða skilyrðislaust að fá í hendur eru:

- Efnahagsspá** næstu 15 ára sem samninganefnd Íslands byggði samninginn á. Ljóst er að verði hagvöxtur ekki hærri en meðalvextir skulda íslenska ríkisins, þá eru allar líkur til að aldrei náist að greiða upp lánin. Undir þetta taka meðal annarra Daniel Gross, framkvæmdastjóri Center for European Policy Studies í Brussel, og Robert Wade, prófessor í hagfræði við London School of Economics.
- Gjaldeyristikjur:** Icesave samningurinn er erlent lán og það verður að vera ljóst að íslenskir útflutningsatvinnuvegir geti aflað nægra gjaldeyristikna til að standa undir afborgunum af láninu. Ef ekki, gæti ICESAVE samningurinn orðið réttnefndur Verslasamningur 21. aldarinnar?

3. **Lánshæfismat:** Staðfesting óháðra aðila á því að lánshæfismat íslenska ríkisins muni ekki lækka vegna þess að full ríkisábyrgð er tekin á greiðslu þeirra gífurlegu fjárhæða sem um ræðir (auk vaxta).
4. **Fyrirvarar:** Skýr svör við því hvort fyrirvarar um framtíðarstöðu Íslands eru í samkomulaginu (t.d. um það ef neyðarlöginn standast ekki umfjöllun dómstóla).
5. **Samninginn til þingmanna:** Síðast en ekki síst er það algert skilyrði, og hrein forsenda þess að Alþingi afgreiði málið, að Alþingismenn fái samninginn sjálfan í hendur ásamt öllum fylgiskjölum. InDefence leggur til að fjármálaráðuneytið óski eftir því við breska og hollenska fjármálaráðuneytið að þingmenn fái aðgang að ICESAVE samkomulaginu. Slíkt ætti að vera auðsótt mál að því gefnu að ekki sé verið að fela neitt fyrir Alþingismönnum.

### Ríkisábyrgð á Icesave samningnum má ekki samþykka án þessara upplýsinga.

Ábyrg og upplýst afstaða Alþingismanna sem og þjóðinnar um ICESAVE samkomulagið er mikilvægt skref í endurreisin Íslands. Upplýsingar og gagnsæi er lykilatriði fyrir samfélagssátt og uppbyggingu efnahagslífs þjóðarinnar.

---

### Um InDefence

In Defence of Iceland (InDefence) hópurinn var myndaður í byrjun október 2008 til að berjast gegn beitingu hryðjuverkalaga gegn Íslendingum og verja ímynd og hagsmuni Íslands á alþjóðavettvangi. Hópurinn hefur ítrekað bent á þær hættur sem Íslendingar stæðu frammi fyrir og þörfina fyrir aðgerðir. Meðal þess sem InDefence hefur reynt að vekja athygli á var mikilvægi þess að andmæla hryðjuverkalögunum, mikilvægi þess að kynna Evrópuríkjum málstað Íslendinga, hættunni sem fælist í því ef minnisblað vegna Icesave deilunnar yrði undirritað og mikilvægi þess að höfða mál til að verja rétt Íslands fyrir 7. janúar 2009. InDefence skipulagði stærstu undirskriftarsöfnun Íslandssögunnar og afhenti undirskriftir 83 þúsund manna við athöfn í breska þinginu í Lundúnum þann 17. mars 2009. Hreyfingin hefur tengsl við fjölmíðla sem og stjórnámamenn víða um heim og margir forsvarsmenn InDefence eiga það sameiginlegt að hafa numið og starfað á Bretlandseyjum. Meðlimir hópsins hafa ólíkar skoðanir á stjórnámum almennt.

**Hótel Reykjavík Centrum er staðsett í húsinu þar sem yfirlýsing Þjóðfundarins 1851 „Vér mótmælum allir“ var samin.**

### Nánari upplýsingar veita:

Magnús Árni Skúlason, farsími: 822 0401

Ólafur Elíasson, farsími: 698 2004